

Leiðbeiningar fyrir skilgreiningu á síður viðkvæmum viðtaka



Leiðbeiningar fyrir skilgreiningu á síður viðkvæmum viðtaka

Júní 2021

Uppfærð útgáfa maí 2023

Útgefandi Umhverfisstofnun

Útgáfunúmer UST-2022:19

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími 591 2000

www.ust.is

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Fylgigögn með tillögu um flokkun á síður viðkvæmum viðtaka.....	5
Vöktun samkvæmt stjórn vatnamála	6

Inngangur

Samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ er viðtaki svæði sem tekur við mengun og þynnir hana eða eyðir (17. mgr. 3. gr.).

Almennt eru allir viðtakar skilgreindir sem venjulegir og krafa um tveggja þrepa hreinsun gildir. Frá þeirri meginreglu eru tvær undanþágur/sérreglur, annars vegar fyrir minni hreinsun og hins vegar fyrir frekari hreinsun eftir því með hvaða hætti viðtakarnir eru skilgreindir (síður viðkvæmir eða viðkvæmir).

Síður viðkvæmur viðtaki er ármynni og strandsjór þar sem endurnýjun vatns er mikil og losun tiltekinnar mengunar er ekki talin hafa skaðleg áhrif á umhverfið. Sjór eða hafsvæði getur talist síður viðkvæmt svæði ef losun skólps hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið vegna formfræðilegra, vatnafræðilegra eða annarra sérstakra aðstæðna í vatninu.

Sveitarstjórnir geta óskað eftir því að fá viðtaka skólpsins skilgreindan sem síður viðkvæman en til þess þarf að skila gögnum til Umhverfisstofnunar (gr. 20.3) sem staðfesta góða hæfni viðtakans til að taka við og eyða skólpi. Eigandi fráveitu skal í samráði við heilbrigðisnefnd rannsaka ítarlega áhrif skólps á umhverfið (gr. 20.4). Í eftirfarandi tilvikum er hægt að skilgreina viðtaka sem síður viðkvæma:

- Þéttbýli sem losa milli 10.000- 150.000 pe. í sjó og þéttbýli sem losa milli 2.000 og 10.000 pe. í ármynni ef rannsóknir sýna að losun skólps hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið.
- Þéttbýli sem losa meira en 150.000 pe. ef auk þess er hægt að sýna fram á að þróaðri hreinsiaðferðir hafi engin umhverfisbætandi áhrif.

Eftir að viðtaki hefur verið skilgreindur síður viðkvæmur gilda vægari hreinsunarkröfur gegn því að viðtakinn sé vaktaður fyrir mögulegum neikvæðum áhrifum. Krafa um hreinsun á skólpi sem losað er í síður viðkvæman viðtaka er eins þreps hreinsun, þar sem lækka á BOD₅ gildi um 20% og magn svifagna um 50% í skólpi áður en það er losað í viðtaka (gr. 3.14).

Skilgreiningu á síður viðkvæmum svæðum skal endurskoða á a.m.k. 4 ára fresti. **Verði viðtaki ekki lengur skilgreindur síður viðkvæmt svæði skal tveggja þrepa hreinsun komið á innan sjö ára frá því að skilgreiningu er breytt.**

Ekki er nákvæmlega skilgreint í reglugerð um fráveitur og skólþ, hvaða mæliþætti skal vakta í viðtaka en í vatnaáætlun hafa verið settir fram gæðabættir til að meta ástand strandsjávarhlota og skulu þeir því notaðir við vöktun og mat á viðtaka. Gæðabættir sem vakta á má sjá í töflu og skila skal upplýsingum samkvæmt lista yfir fylgigögn. Heilbrigðiseftirlit skal hafa eftirlit með vöktuninni.

Fylgigögn með tillögu um flokkun á síður viðkvæmum viðtaka

Eftirtalda þætti skal taka til athugunar þegar síður viðkvæm svæði eru tilgreind:

Opna flóa, ármynni og annan strandsjó þar sem endurnýjun vatns er mikil og ekki hætta á ofauðgun eða súrefnisþurrð eða ólíklegt talið að ofauðgun eða súrefnisþurrð verði vegna losunar skólps frá þéttbýli.

Áður en farið er af stað við skilgreiningu á síður viðkvæmum viðtaka þarf að hafa samband við Umhverfisstofnun sem gefur frekari leiðbeiningar, þar sem aðstæður á hverjum stað eru mismunandi og misumfangsmiklar rannsóknir gæti þurft. Rannsaka skal eftirfarandi þætti eftir því sem við á: Landfræðilegar aðstæður, strauma, aðstæður á botni og lífríki og mengunarálag.

Landfræðilegar aðstæður

- Lega þéttbýlis, vatnsvið fráveitu (útrásar), staðsetning hreinsivirkis og útrásar.
- Lýsing á svæðinu (sjór, ármynni) ásamt upplýsingum um landfræðilegar aðstæður sem gætu haft áhrif á hæfni viðtakans til blöndunar og þynningar skólps, m.a. stærð og lögun fjarða, þröskuldar, mesta dýpi og meðaldýpi.
- Fer losun fram á eða við friðlýst svæði.
- Í hvaða vatnshlot (stjórn vatnamála) er fráveituvatn losað, sjá <https://vatnavefsja.vedur.is/>.

Straumar

- Sjávarföll og sjávarfallastraumar, nettóstraumur og straumstefna, vatnsskipti og haffræðilegt mat. Ennfremur vatnsmagn í ám og hugsanleg áhrif þeirra á strauma og vatnsskipti. Gæti lagskiptingar í viðtaka sem gæti haft áhrif á túlkun á mælingum?

Aðstæður á botni og lífríki

- Botngerð í viðtaka (möl, sandur eða leir), kornastærð, hlutfall lífræns efnis í efsta botnlagi, lýsing gróðurfars og helstu einkenna lífríkis.

Mengunarálag

- Gefa skal upp fjölda persónueininga í þéttbýli í samræmi við [leiðbeiningar um útreikning á skólpmagni í þéttbýli](#) (t.d. fjölda íbúa, gesta og matvælavinnslu) þegar um mat á fjölda þe. er að ræða. Gefa skal upp heildarfjölda þe. miðað við þá viku sem lífrænt álag er mest.
- Fyrirkomulag skólphreinsunar og hreinsivirkni.
- Kortlagning á væntanlegri dreifingu saurbakteríumengunar.
- Mat á áhrifum fráveituvatnsins á svæðið, stutt mælingum ef til eru t.d. forgangsefna mælingum skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og mælingum á næringarefnum.

Vöktun samkvæmt stjórn vatnamála

Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu öll vatnshlot ná umhverfismarkmiðum sínum um vistfræðilegt og efnafræðilegu ástand. Samkvæmt lögnum skulu þeir sem losa mengandi efni út í vatn vakta það og gæta þess að vatnshlotið nái umhverfismarkmiðum sínum.

Auk þeirra fylgigagna sem óskað er eftir til skilgreiningar á viðtaka sem síður viðkvæmum skal sveitarfélag taka saman gögn eða framkvæma mælingar á gæðabáttum sem skilgreindir hafa verið í vatnaáætlun (sjá töflu), en það er nauðsynlegt svo hægt verði að ástandsmeta vatnshlotið sem losun skólps er í og hvort það sé í lagi að hreinsun sé minni en tveggja þrepa.

Í töflunni má sjá þá gæðabætti sem gerð er krafa um að séu vaktaðir við mat á viðtaka sem síður viðkvæmur og þá skal vakta áfram á fjögurra ára fresti þegar endurmat á skilgreiningu viðtaka fer fram.

Ákveðin hafa verið viðmiðunarmörk og ástandsflokkar (mjög gott, gott og viðunandi ástand) fyrir líffræði- og efnafræðilega gæðabætti fyrir strandsjó en ekki fyrir ársósarvatn. Á meðan upplýsingar vantar fyrir ársarvatn er hægt að styðjast við þær viðmiðunaraðstæður og viðmiðunarmörk sem hafa verið ákveðin fyrir strandsjó og straumvötn.

Leiðbeiningar um vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun strandsjávar og leiðbeiningar um sýnatökur á gæðabáttum í strandsjó má finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar undir stjórn vatnamála¹.

Heilbrigðisnefndir og Umhverfisstofnun meta hvort þörf sé á forgangsefnamælingum til viðbótar og aðrar mögulegar viðbótar rannsóknir.

MÆLIÞÆTTIR Í STRANDSJÓ	HVENÆR ÁRS	TÍÐNI MÆLINGA	AÐFERÐ
Nítrat (NO ₃)	Vetur (janúar - mars)	4	
Fosfat (PO ₄)	Vetur (janúar - mars)	4	
Blaðgræna a	Sumrin (mars- okt)	4	
Hryggleysingar	Sumrin (mars- okt)	1 (3 botngreipar)	Tegundafjöldi og fjölbreytileiki hryggleysingja á mjúkum botni

¹ Umhverfisstofnun 2023. [Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun strandsjávar og leiðbeiningar um sýnatökur á gæðabáttum í strandsjó.](#)